



Fundargerð hreppsnefndar 10. október 2013

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 10. okt. 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt á fundinn voru Bárður Jónasson, Ásrún Jörgensdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Hafþór Róbertsson

Jafnframt var mættur, sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 19. sept. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 19. sept. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fræða- og þekkingarsetur Kaupvangi, ósk Vopnafjarðarhrepps um endurnýjun samnings við Menntamálaráðuneytið.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 24. sept. sl. til Menntamálaráðuneytisins, þar sem óskað er eftir endurnýjun eða framlengingu samnings milli aðila um fræða- og þekkingarsetur í Kaupvangi. Jafnframt var greint frá fundi, sem sveitarstjóri og varaoddviti áttu með fulltrúum ráðuneytisins um málefnið 24. sept. sl., en núverandi samningur gildir til næstkomandi áramóta.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

3. mál. Byggðakvóti 2013/2014, umsókn Vopnafjarðarhrepps dags. 27. sept. sl.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 27. sept. sl. til Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytisins, þar sem sótt er um byggðakvóta fyrir kvótaárið 2013/2014 til handa Vopnafjarðarhreppi.

Jafnaframt lagt fram bréf ráðuneytisins frá 30. sept. sl., þar sem ráðuneytið staðfestir að hafa mótttekið fullgilda umsókn sveitarfélagsins.

Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar í atvinnumálanefnd sveitarfélagsins.

4. mál. Sundlaug í Selárdal. Tilboð í tækjabúnað nýbyggingar.

Gerð var grein fyrir verðkönnun, sem fram fór vegna fyrirhugaðra kaupa á hreinsitækjum fyrir sundlaugina í Selárdal. Verðtilboð komu frá tveimur aðilum, sem eru:

Á. Óskarsson 6.227 þús. kr.

S. Hermannsson 5.542 þús. kr.

Gerð var grein fyrir fyrirbyggjandi verðtilboðum og hvað væri þar að baki. Verkfræðistofa Norðurlands hefur unnið að þessum málum fyrir Vopnafjarðarhrepp. Fram kom að tilboðið tekur mið af því að einungis verði einn heitur pottur við sundlaugina í stað tveggja, sem fyrir eru. Þessi pottur er mun stærri en þeir sem fyrir eru. Ráðstöfun þessi er gerð sökum þess að sjálfstæð hreinsitæki þarf fyrir hvert laugarkar fyrir sig. Í þessu sambandi var lagður fram uppdráttur sem sýnir hvernig fyrirhugað er að koma pottinum fyrir.

Jafnframt var lagt fram verðtilboð í jöfnunargeymi frá Borgarplasti að fjárhæð 341 þús. kr. með flutningi. Kynntar voru einnig verðhugmyndir vegna kaupa á varmaskiptum og gerð grein fyrir mismunandi tegundum þeirra.

Að umræðum loknum var samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við S. Hermannsson um hreinsitækin og Borgarplast vegna jöfnunargeymis og ennfremur að klára önnur tækjakaup sem til þarf svo sem nauðsynleg kaup á varmaskiptum o.fl.

5. mál. Bréf Austurbrúar, þar sem boðað er til fundar með framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga

8. nóv. nk. á Hótel Héraði.

Lagt fram bréf Austurbrúar frá 7. okt. sl., þar sem tilkynnt er um fyrirhugaðan fund framkvæmdastjóra og formanns stjórnar sambands ísl. Sveitarfélaga, sem áætlað er að halda með sveitarstjórnarmönnum 8. nóv. nk. á Hótel Héraði.

Lagt er til að sem flestir sveitarstjórnarmenn mæti á fundinn. Þátttaka verði tilkynnt á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps.

Fyrirkomulag þetta var samþykkt samhljóða.

6. mál Menningarfulltrúi ásamt fylgdarliði kemur í heimsókn á fundinn. Kynning samninga um menningarmál og sérstakt verkefni á vegum Vopnafjarðarhrepps, fyrirtækisins Glamour og Austurbrúar.

Á fundinn voru mætt Signý Ormarsdóttir menningarfulltrúi, Karna Sigurðardóttir, hönnuður hjá Glamour og Magnús Már Þorvaldsson, atvinnu- og menningarfulltrúi Vopnafjarðarhrepps. Þessir aðilar voru boðnir velkomnir til fundar og var gestum síðan gefið orðið.

Tók Magnús fyrstur til máls, fór yfir í stuttu máli tilurð verkefnisins, framgang þess og stöðu.

Menningarfulltrúi, Signý Ormarsdóttir, fór þessu næst yfir menningarsamninga sem í gildi eru milli Menningarráðs Austurlands og Vopnafjarðarhrepps og hvernig almennt menningarsamningar fyrir svæðið eru hugsaðir og uppbyggðir.

Kynntu aðilar síðan verkefnið, ný upplýsingagátt fyrir Vopnafjörð, m. a. með sýningu myndbanda af vefsíðunni og að máli loknu svöruðu þau fyrirspurnum fundamanna um þessi mál. Kom fram í máli þeirra að í tengslum við verkefnavinnuna hefði fæðst hugmynd að nýju verkefni sem kynnt var sérstaklega og gefur ýmsa möguleika verði því fylgt eftir.

Að svo búnu var gestunum þakkað fyrir greinargóða kynningu.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða fyrir sitt leyti að fjármunir sem fást út úr gildandi menningarmálasamningi renni til lúkningar á þessu verki, frekari vinnslu þess og að leitast verði við að gáttin verði sett í loftið eins fljótt og kostur er.

7. mál Ósk Vopnafjarðarhrepps um lagfæringu á dýpi hafnarinnar og svar vegagerðarinnar frá 3. okt. sl.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 20. sept. sl., þar sem óskað er heimildar Vegagerðarinnar til þess að lagfæra dýpi hafnarinnar og semja um verkið við verktaka, sem er að vinna í Langanesbyggð.

Jafnframt lagt fram bréf Vegagerðarinnar frá 3. okt. sl., þar sem vegagerðin heimilar fyrir sitt leyti að nýta þetta tækifæri til dýpkunar Vopnafjarðarhafnar. Ekki er öruggt að ríkisframlag til verksins greiðist fyrr en eftir áramót.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Björgun ehf. um verkið.

Málinu vísað til kynningar í hafnarnefnd.

8. mál. Bréf Vopnafjarðarhrepps, vegna framlags á fjárlögum 2014 til reksturs framhaldsskóladeildar á Vopnafirði og svar Menntamálaráðuneytisins frá 18. sept. sl.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 30. ágúst sl., til Menntamálaráðuneytisins, þar sem óskað er eftir fjárframlagi til stofnunar framhaldsskóladeildar á Vopnafirði haustið 2014.

Jafnframt lagt fram bréf Menntamálaráðuneytisins dags. 18. sept. sl., þar sem tilkynnt er að ekki er gert ráð fyrir fjárframlagi til framhaldsskóladeildar á Vopnafirði í fjárlagatillögum ráðuneytisins fyrir árið 2014.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að óska eftir fundi með fulltrúum ráðuneytisins og vinna að framgangi málsins. Jafnframt verði bréf þessa efnis sent á þingmenn kjördæmisins og Fjálaganefnd Alþingis.

9. mál. Ályktun Vopnafjarðarhrepps vegna Reykjavíkurlflugvallar og svarbréf Innanríkisráðuneytisins frá 23. sept. sl.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps til Innanríkisráðuneytisins og Reykjavíkurborgar varðandi ályktun sveitarfélagsins, þess efnis að flugþjónusta verði ekki skert um Reykjavíkurlflugvöll.

Jafnframt lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins frá 23. sept. sl., þar sem tilkynnt er um móttöku ályktunar Vopnafjarðarhrepps.

Vopnafjarðarhreppur hvetur Innanríkisráðherra og yfirvöld flugmála til þess að standa vörð um Reykjavíkflugvöll og þar með hag allra landsmanna.

10. mál. Bréf Fjármálaráðuneytisins dags. 27. sept. sl. og bréf Vopnafjarðarhepps frá 22. mars. sl., varðandi málskostnað vegna þjóðlendudóms.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhepps til Fjármálaráðuneytisins dags. 22. mars sl., þar sem óska er niðurfellingar á kostnaði vegna þjóðlendudóms er lýtur að svokölluðum Þorbrandsstaðatungum.

Vopnafjarðarheppi var þar gert að greiða íslenska ríkinu 750 þús. kr.

Jafnframt lagt fram bréf Fjármálaráðuneytisins, dags. 27. sept. sl, þar sem ráðuneytið svarar beiðni sveitarfélagsins um niðurfellingu þessa kostnaðar. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að ekki er talin ástæða til þess að fella þennan kostnað niður, þrátt fyrir að landeigendur, sem tapa máli gegn íslenska ríkinu í þjóðlendumálum hafi að jafnaði ekki verið dæmdir til að greiða slíkan málskostnað. Sveitarstjóra falið að bera niðurstöðu þessa undir lögmann sveitarfélagsins í þessum efnum.

11. mál. Fjárlaganefnd Alþingis bréf dags. 26. sept. sl., þar sem boðið er upp á viðtöl við nefndina. Lagt fram bréf Fjárlaganefndar Alþingis þar sem boðið er upp á viðtöl við nefndina dagana 28., 29. og 30. okt. og 1. nóv. nk.

Sveitarstjóra falið að panta tíma hjá nefndinni og vinnað að gerð erinda til hennar.

12. mál. Drög að vinasamningi milli Vopnafjarðarhepps og æskulýðsfélags Hofsprestakalls.

Lögð fram drög að vinasamningi milli Vopnafjarðarhepps og æskulýðsfélags Hofsprestakalls.

Fram hefur komið hugmynd um að gera slíkan samning í tengslum við vinaviku, sem haldin verður dagana 13. -20. okt. nk.

Gerð var grein fyrir málinu og sköpuðust talsverðar umræður um drögin, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða að fela sveitarstjóra að undirrita slíkan samning á grundvelli fyrirliggjandi draga.

13. Bréf Vopnafjarðarhepps til Vegagerðarinnar, vegna þjónustu og leiðbeiningarskilta við nýjan veg niður til Vopnafjarðar og inn í þéttbýli. Fundargerð fundar með vegagerðarmönnum 19. sept. sl. með fulltrúum sveitarfélagsins. -Fyrirhuguð vígsla vegarins 22. okt. nk.-

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhepps til vegagerðarinnar, varðandi þjónustu og leiðbeiningarskilti.

Jafnframt lögð fram fundargerð frá fundi fulltrúa vegagerðarinnar og Vopnafjarðarhepps frá 19. sept. sl., þar sem fjallað var um ýmis frágangsmál við og umhverfis nýja þjóðveginn í Vopnafirði um Vesturárdal og inn í þéttbýlið.

Gerð var grein fyrir þessum málum og fyrirspurnum fundarmanna svarað.

Sveitarstjóra falið að vinna að framgangi þessara mála.

Undir þessum lið var einnig fjallað um fyrirhugaða vígslu vegarins 22. eða 23. okt. nk. og með hvaða hætti best væri að standa að slíkri vígslu. Ráðgert er að innanríkisráðherra ásamt fylgdarliði muni verða viðstaddur athöfnina.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að öllum bæjarbúum yrði boðið til vígslunar og fól sveitarstjóra í samvinnu við Vegagerðina að undirbúa málið.

14. Bremenport, stórskipahöfn í Finnafirði, borgarafundur 10. okt. nk., þar sem fulltrúar Bremenports koma og gera grein fyrir áformum sínum hér á Vopnafirði kl. 20.00

Greint var frá því að almennur borgarafundur verður haldinn í félagsheimilinu Miklagarði í kvöld kl 20.00.

Á fundinum verður íbúum sveitarfélagsins kynnt áform um mögulega uppbyggingu á stórskipahöfn í Finnafirði í tengslum við opnun siglingaleiða um Norðuríshafið, hugsanlega olíuleit á Drekasvæðinu o. fl.

Framsögu á fundinum halda fulltrúar verkfræðistofunnar Eflu og fulltrúi Bremenports frá Bremen í Þýskalandi. Fyrirtækið Bremenports hefur lýst yfir miklum vilja til þess að vinna með sveitarfélögunum Vopnafjarðarheppi og Langanesbyggð að uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði.

Áform þessi hafa verið kynnt fyrir ríkisstjórn Íslands, sem hefur lýst yfir jákvæðni og vilja til þess að styðja við verkefnið.

Íbúar Vopnafjarðarhrepps eru hvattir til þess að mæta vel og kynna sér hugmyndir um áform þessara aðila um uppbyggingu atvinnutækifæra í Finnafirði og nærsveitum.

Mælst er til þess að allir hreppsnefndarmenn sem geta mæti á fundinn.

13. mál. Ýmis mál og fundargerðir

- a) Fundargerð framkvæmdastjórnar skólaskrifstofu Austurlands frá 30. sept. sl. og aðalfundarboð vegna aðalfundar 11. nóv. nk.

Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps mun mæta á fundinn.

- b) Stjórnarfundur Brunavarna á Austurlandi frá 27. sept. sl. og nýr samningur um sjúkraflutninga á Vopnafirði.

Lagt fram til kynningar.

- c) Landsbyggðin lífi. Umsókn um styrk dags. 2. okt. sl.
Hreppsnefnd hafnar erindinu að svo stöddu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18. 30